



## Ræða um þjóðmál, kommúnista, skrifuð í lok 6. áratugarins, ódagset

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Kommúnistar – 6 áratugurinn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir stjórnmálamenn, sem eyða tíma sínum í það skraf, gefa mönnum sannarlega steina fyrir brauð, þegar þeir láta svo sem eyðing milliliðanna eða upptaka gróða þeirra mundi leysa dýrtíðarvandann. Ef þessir menn einhvern-tíma ná völdum verða þeir að grípa til annarra fúrræða, því að blekkingarnar mundu þá verða léttarí maga.

Hitt hefur þessum óþurftarmönnum tekist að trufla mjög efnahagslíf landsmanna með misbeiting sinni á verkalyðshreyfingunni. Hin pólitísku verkföll, sem kommúnistar og fylgismenn þeirra beita sér fyrir, megna að vísu að eyðileggja hin gðóu áhrif af stefnu ríkisstjórnarinnar og yfirgnafandi meirihluta þjóðarinnar. Síðan hælast eyðileggingarmennirnir yfir því, að stjórninni hafi mistekist um sum áform sín, einmitt þau, er þessir sömu menn hafa gert allt, sem þeir gátu til að reyna að láta þau fara út um þúfur.

Þósta vald í stjórnmálum þjóðarinnar er hjá kjósendum og þeir beita því við kosningar til Alþingis. Þar og í ríkisstjórn er síðan stjórnað í samræmi við þann vilja kjósenda, sem fram kemur við almennar kosningar. Ef vel á að fara verða samtök allra borgara í landinu, sjálft ríkið að vera sterkasta aflíð í landinu.

Framferði kommúnista og handbenda þeirra

er þess vegna bein ögrun við lyföræðið í landinu. Eðlilegasta úrræðið gegn þessum hermdarverkum er, að allir lyföræðisunnendur taki saman höndum og komi yfírráðum í verkalyföshreyfingunni fyrir höndum þeirra ofbeldis- og æfintýramanna, sem þara fara nú með völd, í hendur þeirra, sem eingöngu láta sig varða hag verkalyfössins en fara þar ekki eftir annarlegum sjónarmiðum. Þessi leiðréttning á starfs-háttum verkalyföshreyfingarinnar verður að koma innan frá henni sjálfri. Valdboð í þeim efnum stoða lítt. En hinir lyföræðissinnuðu frjálhuga verkamenn hafa nægan meirihluta í verkalyfösfélögnum, aðeins, ef þeir láta ekki sundrungarmenn innan og utan félags-anna villa sér sýn.

Þetta er eitt mikilvægasta viðfangsefnið í íslenzkum stjórnsmálum nú, því að ef ekki er að gert, eykst sú hætta stöðugt, að löglegir stjórn-háttir séu brotnir niður undir yfirskini launabaráttu, sem á þó ekkert skyld við þau upplausnar-áform sem hér eru á ferð.

Meinsemdirnar, sem þjóðfélagið þjá, eru alvarlegar en þó engan veginn banvænar, ef menn snúast til varnar. Þar þarf bæði vit og djörfung til að gera sér grein fyrir orsökunum og læknisráð-unum. Flest af því, sem hér þarf að gera er þess eðl is, að ekki ætti að verða þgreiningur um milli þjóðhollra manna, en þó mun hér enn sem fyrr reynast svo, að Sjálfstæðismenn verða að hafa forystuna.